

Föstudaginn 30. október 1998.

Nr. 438/1998.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

(Ólafur Kr. Hjörleifsson fulltrúi)

gegn

Mána Freysteinsyni

(Brynjar Níelsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. október 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 27. október 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 3. nóvember nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 27. október 1998.

Ár 1998, þriðjudag 27. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. R-31/1998 á hendur Mána Freysteinsyni.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði gerði í dag kröfu um, að Máni Freysteinson, kt. 150267-3669, með lögheimili að Dúfnahólum 2, Reykjavík, yrði úrskurðaður til að hlíta gæsluvarðhaldi til fimmtudags 5. nóvember nk. kl. 16.00 vegna grunar um aðild hans að þjófnaðarbroti.

Kærði hefur mótmælt kröfunni, og hefur skipaður verjandi hans krafist þess, að kröfunni verði hafnað á þeim forsendum, að gögn þau, sem talin eru tengja kærða við þjófnaðarbrotið, séu ekki nægilega örugg.

Málsatvik.

Málsatvik eru samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu þau, að að morgni föstudagsins 23. október sl. var tilkynnt um innbrot í fyrirtækið Slípivélar og verkfæri að Dalshrauni 17, Hafnarfirði. Hafði það verið framið að kvöldi 22. október eða aðfaranótt 23. Við athugun kom í ljós, að stolið hafði verið ýmiss konar verkfærum og búnaði auk peninga og ávísunar, alls u. þ. b. að verðmæti 1.200.000 kr. Á meðal þýfis voru tveir símar, annar GSM-farsími og hinn þráðlaus sími. Engar vísbendingar voru á vettvangi um, hver eða hverjir hefðu verið að verki.

Sama dag, 23. október, gerði lögreglan í Reykjavík húsleit í íbúð í húsi þar í bæ vegna annars og ótengds máls. Við þá húsleit fannst m. a. GSM-farsími. Húsráðandi, Edda T. Ólafsdóttir, kt. 290678-3669, sagði lögreglu, að ónafngreindur maður hefði komið með síma þennan til sín í þeim tilgangi að selja sér hann. Meðan á húsleitinni stóð, bar þar að Mána Freysteinnsson meðal annarra, og var hann handtekinn í tengslum við húsleitina. Með samþykki Mána var leitað í bifreiðinni HF-594, sem hann hafði komið á og hefur til umráða, og fundust við þá leit m. a. þrír þráðlausir símar. Að leitinni lokinni var Máni frjáls ferða sinna. Hald var lagt á síma þessa ásamt GSM-símanum.

Við athugun á skráningarnúmeri GSM-símans, er fannst við húsleitina, kom í ljós, að um var að ræða farsímamann, sem stolið var í innbrotinu að Dalshrauni 17. Er athuguð var hjá Landssímanum notkun þessa GSM-síma, kom í ljós, að hringt hafði verið úr honum kl. 1.33 aðfaranótt föstudagsins 23. október, og var þá notað símakort, sem skráð er í eigu fyrrnefnds Mána Freysteinnssonar. Einnig kom í ljós við athugun lögreglu, að einn hinna þráðlausu síma, sem fundust í bifreið Mána, var sömu gerðar og sá, sem stolið hafði verið að Dalshrauni 17.

Er upplýsingar þessar lágu fyrir, var Máni Freysteinnsson handtekinn af lögreglunni í Hafnarfirði og færður í fangageymslu. Fór handtakan fram að Skúlaskeiði 16, Hafnarfirði, í gær, 26. október, kl. 14.20. Eftir handtökuna var Máni yfirheyrður af lögreglunni í Hafnarfirði að viðstöddum réttargæslumanni, Brynjari Níelssyni hrl. Við yfirheyrsluna kvaðst Máni hvorki hafa komið sjálfur að innbrotinu að Dalshrauni 17 né vita, hverjir hefðu komið þar að verki. Hann viðurkenndi að hafa notað ofangreindan GSM-síma með sínu símakorti, en framburður hans um, hvenær það hefði verið

og við hvaða aðstæður, er ekki í samræmi við þær upplýsingar, sem fyrir liggja í málinu.

Máni var einnig inntur eftir því, hvernig þráðlausu símarnir, sem fundust í bifreið hans, hefðu komist í hans vörslu. Kvað hann ónafngreindan aðila hafa gefið sér símana. Það kvað hann hafa verið í júní eða júlí á þessu ári. Í því sambandi má geta þess, að Piero Georg Segatta, framkvæmdastjóri Slípivéla og verkfæra, hefur borið kennsl á einn þessara síma sem þann, er stolið var í innbrotinu í fyrirtækið 23. þessa mánaðar.

Við skýrslutöku hér fyrir dómi í dag hélt kærði fast við framburð sinn hjá lögreglu og vildi ekki segja deili á þeim manni, sem hann kvað hafa gefið sér þráðlausu símana, er fundust í bifreiðinni HF-594, sem kærði hafði umráð yfir.

Fram hefur komið, að þráðlausu síminn, sem talinn er vera hluti þýfisins frá Dalshrauni 17 og framkvæmdastjóri Slípivéla og verkfæra bar kennsl á, var eins og síminn, sem verið hafði í fyrirtækinu, en búið var að skipta um símtól á honum og hann því auðþekkjanlegur aftur. Upplýst er af Lands-símanum, að hringt var úr GSM-símanum, sem haldlagður var í málinu, með símakorti kærða föstudaginn 23. október sl. kl. 1.33, en það getur verið á svipuðum tíma eða rétt eftir að framangreint innbrot var framið.

Kærði hefur verið óstöðugur í framburði sínum um notkun þessa síma og gefið upp tíma, sem engan veginn eru í samræmi við upplýsingar Landssím-ans. Skýringar kærða á því, hvernig hann er kominn að þráðlausu símanum, og um notkun sína á GSM-símanum eru ófullnægjandi og ótrúverðugar. Fallast má því á það, að töluvert sterkar líkur séu til þess, að hann sé viðrið-inn framangreint þjófnaðarbrot með einhverjum hætti. Hér er um að ræða mikil verðmæti, sem tekin voru, og hefur ekki enn komið annað í leitirnar af því en framangreindir tveir símar. Mál þetta er alveg á frumstigi rann-sóknar, og þykja vera skilyrði til þess í þágu hennar og með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að úrskurða kærða til að sæta gæsluvarð-haldi, meðan rannsókn málsins er haldið áfram, en hætta er á, að það kunni ella að torvelda rannsóknina, ef kærði er frjáls ferða sinna. Að svo stöddu verður gæsluvarðhaldinu markaður tími til 3. nóvember nk. kl. 16.00, og úr-skurðast því, að kærði sæti gæsluvarðhaldi þangað til.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Máni Freysteinsson, kt. 150267-3669, skal sæta gæsluvarð-haldi allt til þriðjudagsins 3. nóvember 1998 kl. 16.00.